

Skólaráðsfundur í Melaskóla

28. 11. 2019

Mætt: Edda, Anna, Jórunn, Björgvin, Ína, Elísabet, Natalía og Elías.

Fundarstjóri Björgvin

Ritari Edda

Fundur hefst kl. 8.40

Ályktun sem ákveðið var að útbúa á síðasta fundi lesin upp og rædd. Björgvin tók að sér að bæta inn tillögnum og senda á stjórnina til yfirlstrar. Ályktunin verður send á borgina beint í framhaldinu.

Umræður sem sköpuðust út frá ályktuninni:

Nemendur ræddu upplifun sína af matsalnum. Röðin löng. Hugmynd var kynnt fyrir nemendum að loka mötuneytinu og hafa mat sem hægt er að borða í kennslustofunum, kaldan mat, samlokur og grænmeti o.fl. Margar útfærslur ræddar á þessu en þykir kannski í berhögg við skólann sem jöfnunartæki sem tryggir að öll börn fái minnst eina heita máltíð á dag. Rætt um að vekja athygli á þessari mögulegu breytingu í starfsemi skólans og lagði til að þessu væri bætt inn í ályktunina. 20 ár af baráttu hafa ekki skilað neinu. Nemendur kvarta undan því að matartíminn er of stuttur. Ástand matsalarins óboðlegt og auk þess veitir ekki af rými undir annað.

Þessu tengt kom ábending frá nemanda í tengslum við börn með óþol t.d. fyrir mjólk. Kvartar undan að núðlusúpan sé of oft á boðstólnum. Nemendur þora ekki að ræða þetta við Stínu. Skiptar skoðanir eru á þessu meðal nemenda því einhverjum finnst súpan góð. Ákveðið var að ræða þetta við Stínu og ræða möguleikana. (Hver? Á hvaða vettvangi?)

Klósett: gömlu klósettin eru ekki góð. Klósettin á 1. bekkjar gangi eru uppáhalds hjá nemendum. Þau eru einmitt klósettin sem eru ný. Þau töluðu líka um að þau væru snyrtileg og hrein. (Zana er náttúrulega líka alger snillingur - og líka Henný - innskot frá ritara).

Nemendur óska eftir herbergi sem maður hefur aðgang að bókum og tölvum. Vinnuaðstaða, fyrir þá sem vilja hafa næði. Það má fara fram en ekki alltaf. Bókasafnið töldu þau ekki of langt í burtu. Það gæti gengið telja nemendur. Það þarf að kynna fyrir kennurum að sú aðstaða sér í boði. Alltaf þeir sömu sem mega fara. Önnur hugmynd var fyrir framan undir stiga. Ólíklegt að það gangi fyrir en glerveggurinn er kominn. Náttúrufræðistofan er líka hugsuð sem opin stofa. Opin öllum. Þéttsetin þegar skákin er, tveir kennarar með vinnuaðstöðu utan Jórunnar og Jóns auk þess sem nemendaráðsfundir, vinaliðafundir, réttindaráð og aðrir fundir nemenda fara ar fram á miðstiginu. Þess utan vantar skrifstofu fyrir stjórnendur, tölvustofu sem er óviðunandi sem stendur. Allt sem við gerum ýtir á eitthvað annað - skólinn er sprunginn og aðbúnaður úreltur. (Spurning um að bæta því inni viðhaldsáætlunina sem við þurfum að útbúa til að fá aðgerðir strax. Glervegginn, skipta út krítartöflum, setja skjávarpa í allar stofur eða aðra lausn - ferðavarp? Innskot frá ritara). Allt eru þetta hugmyndir sem eru tilraun til að búa við óbreytt ástand og reyna að gera það boðlegra. Breytir ekki kröfunni á Reykjavíkurborg að úrbóta sé þörf.

Hugmynd frá foreldri að benda á Nýju menntastefnuna. Melaskóli allur af vilja gerður til að uppfylla menntastefnuna en það er ekki hægt. (Ath muna að setja þann punkt inn í ályktunina? Eins hægt að vísa í glænýja skýrslu frá ytra matinu vaðandi aðstöðu og tæknimál).

Í tengslum við aðgengi kom fram hugmynd frá nemanda að setja lyftu utan á handriðið í gamla skóla. (Er hægt að setja það inn í viðhaldsáætlunina - þess neyðar sem borgin óskaði eftir? Í það minnsta aðgerðaaætlun af hálfu borgarinnar hvernig það verði leyst).

Skólalóðin: Benda þarf á í ályktuninni að tækin sem þó eru á skólalóðinni eru gjöf frá foreldrafélaginu. Kastalinn kom frá borginni en var gamall þegar hann kom. (Björgvin bætti því inn).

Ósk frá foreldra að ályktunin verði send á alla foreldra, bekkjarfulltrúa og biðja þá um að setja inn á facebook síður bekkjarins. Biðja um aðstoð við að dreifa þessu og þrýsta á borgina að grípa til aðgerða.

Upplýsingar frá nemendum varðandi mismunun:

Ósk nemenda er að kennarar útbúi kerfi eða annað til að gæta jöfnuðar með hver fer fram að vinna. Mismunandi eftir bekkjum hverjir nota rýmið frammi. Kennslustofurnar líka misstórar.

Upplifun nemenda er að það séu ekki bekkjarfundir. Nemendum finnst undir kennara komið hvort þeir nýta tímann í annað eða haldi bekkjarfundi eftir stundarskrá. Þau upplifa að ekki sé komið til móts við óskir um að bekkjarfundir séu haldnir. Það kom fram á fundinum að kennarar þurfi vissulega að hafa sveigjanleika en undirstrika þarf mikilvægi bekkjarfunda. Það kom fram að lögð hefði verið áhersla á þetta á kennarafundum en minna þarf á að nýju. Það er ólíkt eftir kennurum hvort bekkjarfundir eru reglulegir eða ekki. Ef bekkjarfundir voru haldnir þá fóru þeir í fyrirfram tilgreind verkefni líkt og Barnasáttmálann. Nemendur hafa því margir ekki vettvang til að koma á framfæri athugasemdum og tillögur að úrbótum.

Foreldri hvatti skólann til að taka þessa athugasemd til skoðunar. Hér þarf að bregðast við.

Nemendur ætla að koma með ábendingu frá skólaráðsfundi inn í bekkina sína um að bekkjarfundirnir verði virtir. Fylgja þarf því eftir, taka stjórnendur það að sér?

Mismunum að bekkirnir eru ekki með skiptikennslu yfir línuna. Nemendur finna að kennarar eru með styrkleika á ólíkum sviðum og vilja njóta góðs af því.

Nemendur bundu miklar vonir við hreyfitímann. Þetta átti að vera spennandi nýjung til að uppfylla skilmála viðmiðunarstundaskrá. Nemendur upplifa að hreyfitímarnir séu ekki til staðar er upplifun nemenda. Rýna þarf í hvers vegna þetta sé upplifun nemenda því fram kom að margir kennarar eru að sinna þessu. Þetta þarf að kanna.

Í lokin renndum við létt yfir skólareglur. Tökum það aftur upp á næsta fundi. Skólastjóri leggur til að reglurnar verði lesnar með tilliti til t.d. orðalags og hvort bæta þurfi um betur. T.d. umorða ekki skal yfir í það sem við viljum að sé gert.

Nemendur leggja til að það megi hlusta á tónlist í öðru eyranu. Þeim finnst það hjálpa sér í náminu. Þau vilja tilraun en Anna benti á að þetta hafi verið gert í sérgreinum og ekki gengið. Niðurstaðan var að nemendur þurfa að bíða þar til í Hagaskóla. Foreldri tók undir það. Stefna skólans er einnig að börn þurfi ekki koma með græjur að heiman. Skólinn á að skaffa vinnutæki.

Nemendum finnst að jólaleikritið sé mjög vel heppnað því þá kynnast krakkarnir. Jólaleikritið sé hins vegar of seint á skólagöngunni. Mögulega hægt að hafa leikritið í 6. bekk? Eða hafa eitthvað annað sem hristi árganginn saman. (Við Anna höfðum kastað á milli okkur hugmyndum um dansskemmtun eða annað til að. Það er enn á hugmyndastigi - innskot ritara).

Fundi slitið kl. 9.16

Næsti fundur eftir viku.